



Brahms Bruckner Mendelssohn

RÓMANTÍSK KÓR-
OG ORGELTÓNLIST

SUNNUDAGINN 10. MARS 2019 KL. 17
Í HALLGRÍMSKIRKJU



FLYTJENDUR:

Mótettukór Hallgrímskirkju

Ásta Marý Stefánsdóttir, sópran

Björn Steinar Sólbergsson, organisti

í Hallgrímskirkju

Stjórnandi:

Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju

Góðir tónleikagestir!

Rómantíska stefnan blómstraði á 19. öld og varð farvegur fyrir blæðandi tilfinninganæmi, forna dulúð, þrá manna eftir þjóðfrelsi og annað háleitt sem þeim bjó í brjósti. Að sumu leyti var þessi fagurfræði kröftugt viðbragð við vélvæddri iðnbyltingu og dauðhreinsaðri skynsemishyggju 18. aldar, en það er önnur, flóknari og lengri saga. Tónleikar Mótettukórsins í dag eru helgaðir tónverkum sem eiga rætur í þessari stefnu, sem var svo langlíf og alltumlykjandi í vestrænni menningu. Valin voru þrjú tónskáld sem einkenna öldina, hið fyrsta fæddist við upphaf hennar en hið síðasta dó um það leyti sem hún leið. Þetta eru Felix Mendelssohn Bartholdy, undrabarnið lífsglaða, Johannes Brahms, alvörugefinn og brúnaþungur, og Anton Bruckner, hinn guðhræddi og lítilláti. Fyrsta verkið, Locus iste, er úr smíðju Bruckners, og er innblásin lofgjörð um helgi guðshússins, nokkurs konar andakt við upphaf tónleika. Þá kemur Geistliches Lied eftir Brahms, sem er ekki síður andaktugt; það er samið við þærlímað kvæði eftir 17. aldar skáldið Paul Flemming um þolgæði kristins manns og það að Guð muni vel fyrir sjá. Í verkinu ríkir friður, kyrrð og heiðríkja. Sams konar friður einkennir mótettu Mendelssohns, Nunc dimittis, þar sem orð öldungsins Símeons eru tónsett, en honum hafði vitrast að hann myndi ekki deyja fyrr en hann hefði séð Krist; Símeon mælir þessi orð þegar hann sér sveininn Jesú í helgidóminum í Jerúsalem. Næst heyrum við annað verk eftir Bruckner, Christus factus est, sem er öllu dramatískara en fyrra verk hans á efnisskránni enda viðfangsefnið krossdauði Krists. Hér eru styrkleikabrigði öfgakenndari, sem er meira í ætt við tröllauknar sinfóníur hans, sem einhver kallaði „dómkirkjur úr tónum gerðar“. Í kjölfar þessa verks kemur orgelsónata eftir Mendelssohn, en hún hefst á þekktu sálmalagi sem sungið er við sálm Lúthers, Vater unser im Himmelreich, og síðan spinnur Mendelssohn tilbrigði við það. Næsta verk er eftir Brahms, Warum ist das Licht gegeben dem Mühseligen? Það er hugleiðing um þolgæðið og fullvissuna um líkn og miskunnsemi Guðs, svipuð þemu og í fyrra verki Brahms á efnisskránni. Söngtextinn er haganlega settur saman og verkið hefst eftirminnilega á einfaldri spurningu sjálfs Jobs, hins þjáða og mædda: „Hvers vegna?“ Verk Mendelssohns sem á eftir kemur, Richte mich, Gott, er ákall óttaslegins manns til Guðs, sem breytist skyndilega úr myrkri í unaðslega birtu með orðunum „Send ljós þitt og trúfesti þína“, eins og ský dragi frá sólu. Lokaverkið á tónleikunum er annað ákall eftir Mendelssohn, sömuleiðis byggt á Davíðssálmum, en skrifað fyrir sópransöngkonu og kór. Tilfinning Mendelssohns fyrir einföldum en eftirminnilegum laglínunum er þar ríkjandi, svo að hver maður hlýtur að ganga syngjandi út í kvöldið.

Góða skemmtun!

Atli Freyr Steinþórsson

Efnisskrá

Anton Bruckner (1824–1896)

Locus iste (WAB 23)

Johannes Brahms (1833–1897)

Geistliches Lied (op. 30)

Björn Steinar Sólbergsson, orgel

Felix Mendelssohn Bartholdy (1809–1847)

Nunc dimittis — „Herr, nun lässest du deinen Diener in Frieden fahren“ (op. 69/1)

Anton Bruckner

Christus factus est (WAB 11)

Felix Mendelssohn Bartholdy

Orgelsónata nr. 6 í d-moll (op. 65/6)

I. Choral und Variationen:

Andante sostenuto—Allegro molto

II. Fuga: Sostenuto e legato

III. Finale: Andante

Björn Steinar Sólbergsson, orgel

Johannes Brahms

Warum ist das Licht gegeben dem Mühseligen (op. 74/1)

Felix Mendelssohn Bartholdy

Richte mich, Gott (op. 78/2)

Felix Mendelssohn Bartholdy

Hymne — „Hör mein Bitten, Herr“ (MWV B 49)

Ásta Marý Stefánsdóttir, sópran

Björn Steinar Sólbergsson, orgel

Textar

Locus iste

Verk eftir Anton Bruckner. Textinn er settur saman með ritningarstaði í 1. Mósebók 28.16 og 2. Mósebók 3.5 að innblæstri og fyrirmynd.

Locus iste a Deo factus est,
inaestimabile sacramentum,
irreprehensibilis est.

*Þessi staður er af Guði gjörður,
hann er óviðjafnanlegur leyndardómur
og lýtalaus.*

Geistliches Lied — Geistlegt kvæði

Verk eftir Johannes Brahms. Kvæði eftir þýska skáldið Paul Flemming (1609–1640).

Laß dich nur nichts nicht dauren
mit Trauren,
sei stille,
wie Gott es fügt,
so sei vergnügt
mein Wille!

Was willst du heute sorgen
auf morgen?
Der Eine
steht allem für,
der gibt auch dir
das Deine.

Sei nur in allem Handel
ohn Wandel,
steh feste,
was Gott beschleußt,
das ist und heißt
das Beste.

Amen.

*Ei skalt við trega dvelja,
þig kvelja,
ver hljóður,
minn vilji, og sáttur,
því Guðs er háttur
algóður!*

*Hví viltu morguns bíða
með kvíða?
Þér heitir,
sem æðstur er,
það sem þér ber,
Hann veitir.*

*Í breytni ver ei svikull
né hvikull,
sýn festu,
af Drottins náð,
Hans teljast ráð
hin bestu.*

Amen.

Einar Baldvin Pálsson þýddi árið 2019.

Nunc dimittis — „Herr, nun lässest du deinen Diener in Frieden fahren“

Verk eftir Felix Mendelssohn Bartholdy. Textinn er lofsöngur Símeons úr Lúkasarguðspjalli 2.29–32.

Herr, nun lässest du deinen Diener in Frieden fahren,
wie du verheißen hast.

Denn mein Auge hat deinen Heiland gesehen,
den du bereitet hast vor allen Völkern,
daß er ein Licht sei den Heiden,
und zu Preis und Ehre deines Volkes Israel.

Herr, nun lässest du deinen Diener in Frieden fahren,
mein Auge hat deinen Heiland gesehen,
welchen du bereitet,
daß er ein Licht sei den Heiden,
und zum Preise deines Volkes Israel.
Herr, nun lässest du deinen Diener in Frieden fahren.

Ehre sei dem Vater und dem Sohne und dem heiligen Geist,
wie es war zu Anfang, jetzt und immerdar,
und von Ewigkeit zu Ewigkeit. Amen.

Nú lætur þú, Drottinn, þjón þinn í friði fara
eins og þú hefur heitið mér
því að augu mín hafa séð hjálpræði þitt,
sem þú hefur fyrirbúið í augsyn allra lýða,
ljós til opinberunar heiðingjum
og til vegsemdar lýð þínum Ísrael.

Nú lætur þú, Drottinn, þjón þinn í friði fara
því að augu mín hafa séð hjálpræði þitt,
sem þú hefur fyrirbúið,
ljós til opinberunar heiðingjum
og til vegsemdar lýð þínum Ísrael.
Nú lætur þú, Drottinn, þjón þinn í friði fara.

Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda.
Svo sem var í upphafi, er og verður
um aldir alda. Amen.

Christus factus est

Verk eftir Anton Bruckner. Textinn er byggður á versum úr Filippíbréfinu 2.8–9, lítið eitt breyttum.

Christus factus est pro nobis obediens
usque ad mortem, mortem autem crucis.
Propter quod et Deus exaltavit illum
et dedit illi nomen,
quod est super omne nomen.

Kristur varð hlýðinn fyrir oss
allt til dauða, já, dauðans á krossi.
Fyrir því hefur og Guð hátt upp hafið hann
og gefið honum nafnið,
sem hverju nafni er æðra.

Warum ist das Licht gegeben dem Mühseligen

Verk eftir Johannes Brahms. Textinn er fenginn úr Jobsbók, Harmljóðunum, Jakobsbréfinu og úr sálmi eftir Marteín Lúther.

Warum ist das Licht gegeben dem Mühseligen,
und das Leben den betrübten Herzen,
die des Todes warten und kommt nicht,
und grüben ihn wohl aus dem Verborgenen,
die sich fast freuen und sind fröhlich,
daß sie das Grab bekommen,
und dem Manne, deß Weg verborgen ist,
und Gott vor ihm denselben bedeckt?

*Hvers vegna gefur hann þjáðum ljós
og bitrum líf,
þeim sem þrá dauðann án þess hann komi
og grafa ákafar eftir honum en fjársjóðum,
þeim sem gleðjast yfir steindys
og fagna ef þeir finna gröf,
manninum sem enga leið finnur
og Guð hefur króað af?*

Jobsbók 3.20–23

Lasset uns unser Herz samt den Händen
aufheben zu Gott im Himmel.

*Fórnum hjarta og höndum
til Guðs í himninum.*

Harmljóðin 3.41

Siehe, wir preisen selig, die erduldet haben.
Die Geduld Hiob habt ihr gehöret,
und das Ende des Herrn habt ihr gesehen;
denn der Herr ist barmherzig und ein Erbarmer.

*Því við teljum þá sæla sem þolgóðir hafa verið.
Þið hafið heyrt um þolgæði Jobs
og vitið hvaða lyktir Drottinn gerði á högum hans.
Drottinn er mjög miskunnsamur og líknsamur.*

Jakobsbréfið 5.11

Mit Fried und Freud ich fahr dahin,
in Gottes Willen,
Getrost ist mir mein Herz und Sinn,
sanft und stille.
Wie Gott mir verheißen hat:
der Tod ist mir Schlaf worden.

*Héðan í burt með friði eg fer,
feginn og glaður í guði;
huggað nú vel mitt hjartað er
og horfinn allur kvíði.
Svo sem guð hefir áður heitið mér,
hvíldarsvefn minn er dauði.*

Marteinn Lúther;

gömul íslensk sálmaþýðing

Richte mich, Gott

Verk eftir Felix Mendelssohn Bartholdy, sungið við 43. Davíðssálm.

Richte mich, Gott, und führe meine Sache
wider das unheilige Volk,
und errette mich von den falschen und bösen Leuten!
Denn du bist der Gott meiner Stärke;
warum verstößest du mich?
Warum lässest du mich so traurig gehn,
wenn mein Feind mich drängt?
Sende dein Licht und deine Wahrheit,
daß sie mich leiten
zu deinem heiligen Berge
und zu deiner Wohnung,
daß ich hineingehe zum Altar Gottes,
zu dem Gott, der meine Freude und Wonne ist,
und dir, Gott, auf der Harfe danke, mein Gott.
Was betrübst du dich, meine Seele,
und bist so unruhig in mir?
Harre auf Gott! Denn ich werde ihm noch danken,
daß er meines Angesichts Hülfe
und mein Gott ist.

Lát mig ná rétti mínum, Guð, sæktu mál mitt
gegn miskunnarlausri þjóð,
þjarga mér frá svikum og ranglátum mönnum.
Því að þú ert sá Guð sem er mér vígi,
hví hefur þú útskúfað mér,
hví verð ég að ganga um harmandi,
kúgaður af óvinum?
Send ljós þitt og trúfesti þína,
þau skulu leiða mig,
þau skulu fara með mig til fjallsins þíns helga,
til bústaðar þíns,
svo að ég megi inn ganga að altari Guðs,
til Guðs, minnar fagnandi gleði,
og lofa þig undir hörpuslætti, Guð, þú Guð minn.
Hví ert þú buguð, sál mín,
og ólgar í mér?
Vona á Guð því að enn mun ég fá að lofa hann,
hjálpræði auglitis míns
og Guð minn.

Hymne — „Hör mein Bitten, Herr“

Verk eftir Felix Mendelssohn Bartholdy. Englendingurinn William Bartholomew lagði út af 55. Davíðssálmi í kvæði á ensku sem Mendelssohn tónsetti; Mendelssohn sneri kvæðinu síðan mögulega sjálfur á þýsku.

Hör mein Bitten, Herr, neige dich zu mir,
auf deines Kindes Stimme habe Acht!
Ich bin allein; wer wird mir Tröster und Helfer sein?
Ich irre ohne Pfad in dunkler Nacht!

Die Feinde sie droh'n, und heben ihr Haupt:
„Wo ist nun der Retter, an den ihr geglaubt?“
Sie lästern dich täglich, sie stellen uns nach,
und halten die Frommen in Knechtschaft und Schmach!

Mich fasst des Todes Furcht bei ihrem Dräun!
Sie sind unzählige, ich bin allein,
mit meiner Kraft kann ich nicht widerstehn,
Herr, kämpfe du für mich, Gott, hör mein Flehn!

O könnt' ich fliegen wie Tauben dahin,
weit hinweg vor dem Feinde zu flieh'n!
In die Wüste eilt' ich dann fort,
fände Ruhe am schattigen Ort.

Hlýð, Guð, á bæn mína, hneigðu höfuð þitt að mér,
hlustaðu á rödd barns þíns!
Ég er einn og yfirgefinn; hver huggar mig og hjálpar mér?
Ég ráfa á refilstigum í húmi nætur!

Óvinir ógna mér og reigja höfuð sitt:
„Hvar er nú bjargvætturinn sem þið trúðuð á?“
Þeir lasta þig dag hvern og ofsækja okkur
og hneppa alla guðlega í smánarleg þrælabönd!

Dauðans angist kemur yfir mig við hótanir þeirra!
Þeir eru ótalmargir en ég er einn og yfirgefinn,
ég stenst þá ekki fyrir eigin kraft,
Drottinn, berst þú fyrir mig, Guð, heyr þú ákall mitt!

Ó, að ég gæti flogið eins og dúfan
og flúið langt burt undan óvininum!
Ég mundi svífa út í eyðimörkina
og fyndi hvíldarstað í skuggsælli vin.

Flytjendur



**HÖRÐUR
ÁSKELSSON**
STJÓRNANDI

Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því að hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann stóð að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlegs orgelsumars. Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flest helstu verk kórbókmenntanna og sömuleiðis hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförnum árum. Þá hefur hann unnið til verðlauna með kórum sínum á alþjóðlegum hátíðum. Hörður hefur haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu bæði sem kórstjóri og organisti. Tónlistarflutningur Harðar hefur oftsinnis verið tekinn upp fyrir sjónvarp og útvarp og gefinn út á geislaplötum. Hörður hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin og Menningarverðlaun DV árið 2002, var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002. Vorið 2017 stjórnaði Hörður Schola cantorum á fimm tónleikum á menningarhátíðinni Reykjavík Festival sem Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles hélt, en þar söng kórinn m.a. í Walt Disney-tónleikahöllinni.



**ÁSTA MARÝ
STEFÁNSDÓTTIR**
SÓPRAN

Ásta Marý Stefánsdóttir sópransöngkona hóf nám í fiðluleik barn að aldri við Tónlistarskóla Borgarfjarðar og nam einnig píanóleik við Tónlistarskólann á Akranesi. Þar hóf hún að læra söng, og að miðprófi loknu færði hún sig um set í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og lærði hjá Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur. Að loknu framhaldsprófi hélt hún í Söngskóla Sigurðar Demetz og hóf söngnám hjá Hallveigu Rúnarsdóttur. Ásta Marý býr sig nú undir að ljúka burtfararprófi á vordögum.

Ásta Marý var í hlutverki Dídóar í óperu Purcells, Dídó og Eneas, þegar Tónskóli Sigursveins setti hana upp árið 2015. Hún hefur jafnframt komið fram á ýmsum tónleikum, keppt í söngkeppni framhaldsskólanna og tekið þátt í meistaranámskeiðum í söng. Ásta Marý hefur sungið í Mótettukór Hallgrímskirkju undanfarin tíu ár og þrisvar sungið einsöng á jólatónleikum. Ásta Marý bar sigur úr þýtum í framhaldsflokki í söngkeppninni Vox Domini árið 2018.



BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON ORGEL

Björn Steinar Sólbergsson er organisti við Hallgrímskirkju í Reykjavík. Hann er einnig skólastjóri við Tónskóla þjóðkirkjunnar þar sem hann kennir orgelleik. Áður starfaði hann sem organisti við Akureyrarkirkju í 20 ár og vann þar að uppbyggingu tónlistarstarfs við kirkjuna.

Björn Steinar stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann á Akranesi og í Tónskóla þjóðkirkjunnar í Reykjavík. Meðal kennara hans þar voru Haukur Guðlaugsson og Fríða Lárusdóttir. Framhaldsnám stundaði hann á Ítalíu hjá James Edward Goettsche og í Frakklandi við Conservatoire National de Région de Rueil-Malmaison hjá Susan Landale, en þaðan útskrifaðist hann með einleikarapróf í orgelleik (*Prix de virtuosité*) árið 1986.

Björn Steinar hefur haldið fjölda einleikstónleika hér heima og erlendis og leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammerhljómsveit Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og með hljómsveit Cleveland Institute of Music. Hann hefur hljóðritað fyrir útvarp og sjónvarp og leikið inn á geislaflötur, m.a. öll orgelverk Páls Ísólfssonar. Björn Steinar hlaut Menningarverðlaun DV 1999, Íslensku bjartsýnisverðlaunin 2001 og var valinn bæjarlistamaður Akureyrar 2002.

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMS- KIRKJU

Mótettukór Hallgrímskirkju var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra á Íslandi. Hann hefur flutt mörg af þekktustu kórverkum sögunnar, frumflutt fjölda íslenskra verka, haldið tónleika erlendis og tekið þátt í kórakeppnum, nú síðast í Lettlandi haustið 2018. Árið 2014 var Mótettukórinn útnefndur besti kórinn í keppninni Cançó Mediterrània á Spáni.

Meðal stærri verkefna undanfarin ár má geta flutnings kórsins á Passíu Hafliða Hallgrímssonar árið 2015. Sama ár flutti kórinn óratóriuna Salómon eftir Händel á Kirkjulistahátíð og var fyrir vikið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Á Kirkjulistahátíð nú í júní mun Mótettukórinn frumflytja nýtt verk, *Mysterium*, eftir Hafliða Hallgrímsson.

FÉLAGAR Í MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

SÓPRAN

Anna Lotta Michaelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldís Ólafsdóttir
Halldóra Viðarsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Hugrún Hólmeirsdóttir
Larissa Weidler
Þorgerður María Þorbjarnard.

ALT

Anna Lilja Torfadóttir
Björg Sigurðardóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hrafnhildur Þórólfsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Laufey Jakobsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Gísli Magnússon
Hannes Kristinn Árnason
Hjálmar Benónýsson
Hrafnkell Karlsson
Ingibjartur Jónsson
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Pétursson
Víkingur Viðarsson
Þorsteinn Björnsson
Þórhallur Vilhjálmsson

BASSI

Arnar Freyr Kristinsson
Atli Sævar Ágústsson
Atli Freyr Steinþórsson
Ástbjörn Haraldsson
Eðvarð Ingólfsson
Egill Pétursson
Einar Örn Einarsson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Snorri Sigurðsson
Sævar Örn Einarsson



Þakkir


Hörður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórs Hallgrímskirkju
Inga Rós Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju
Atli Freyr Steinþórsson, ritstjóri efnisskrár
Heiðrún Björt Sigurðardóttir, hönnuður efnisskrár

Stjórn Mótettukórs Hallgrímskirkju:

Katrín Sverrisdóttir, formaður
Halla Björgvinsdóttir, ritari
Auður Perla Svansdóttir, gjaldkeri
Karl Hjaltason, meðstjórnandi
Hrólfur Gestsson, meðstjórnandi

Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju:

Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi
Sigurður Sævarsson, formaður
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Katrín Sverrisdóttir
Rósa Gísladóttir
Salvör Nordal
Alexandra Kjeld
Benedikt Ingólfsson



Anna Lilja Torfadóttir
Efnalaugin Björg
Erlingur Þórsson
Hallgrímskirkja – sóknarnefnd og starfsfólk
Harpa B. Hjarðar
Larissa Weidler
Lenka Mátéová

Marta Guðrún Halldórsdóttir, raddþjálfari
Prentsmiðjan Litróf
Tónaflóð, heimasíðugerð
Upplifun – bækur og blóm, Hörpu
Valdimar Tómasson
Víkingur Viðarsson



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg